

24. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins 1861.
yfir Íslandi, um tillag nokkurra manna til bæjar- 21. júnim.
sjóðs Reykjavíkur kaupstaðar.

Bæjarfulltrúarnir í Reykjavíkur kaupstað hafa í skjali nokkru, er hingað kom með álitum yðar, herra stiptamtmaður, dagsettu 29. nóvemberm. f. á., kvartað yfir því, að þér hafið hækkað tillag það, er Valdemar kaupmanni Fischer og Jóni tómthúsmanni Þórðarsyni var gjört að greiða til bæjarsjóðs árið 1860, og með því þeir hafa haldið, að aðferð sú, sem við var höfð um þetta málefni, sè ósamkvæm því, sem fyrir er skipað í 21. grein í reglugjörð um stjórn bæjarmálefna í kaupstaðnum Reykjavík 27. nóvemberm. 1846, hafa þeir farið þess á leit, að fá úrskurð stjórnarinnar um þau atriði, er nú skal greina:

1. Hvort ekki beri sérhverjum gjaldþegn, er þættist hafa ástæðu til að bera sig upp undan bæjargjöldum þeim, sem á hann eru lögð, að hlýðnast í því efni ákvörðuninni í bæjarstjórnarreglugjörðinni, 21. grein, 2. atriði, með því að kvarta fyrir bæjarfógetanum, en ekki beinlínis og frá upphafi málsins fyrir amtinu, og hvort bæjarstjórnin, ef útaf þessu er brugðið, sè ekki bær um að færast undan því að gjöra umkvörtunina að álitum.
2. Hvort úrslit þau, er bæjarstjórnin kemst niður á út af slíkri umkvörtun, hvort heldur að hið niðurjafnaða gjald verði fært niður sakir umkvörtunarinnar, eða hún álízt ástæðulaus, beri eigi fyrst að kunngjöra gjaldþegninum, áður en amtmaðurinn, án þar að lútandi ánýjaðra tilmæla frá kæranda, fer að gefa sig við að leggja úrskurð á málið.
3. Hvort hver sá kaupmaður, sem hér á verzlun undir forstöðu „faktors“ í umboði hans, sè ekki, að hinni árlegu niðurföfnun til, háður ákvörðununum í bæjarstjórnarreglugjörðarinnar 21. grein, eins fyrir það, þótt sjálfur hann kunni að vera búsettur erlendis eða fyrir utan Reykjavík, þannig, að ef verzlunarstjóri hans ber ekki upp umkvörtunina yfir hinum niðurföfnuðu gjöldum innan lögskipaðs tíma, þá verði þar að lútandi kæra kaupmannsins sjálfs, er ekki kemur fyrri en eptir þann tíma, eigi tekin til greina.

1861. 4. Hvort ekki hver sá úrskurður, er amtið fellir, samkvæmt
21. júnim. tæðrar lagagreinar 2. atriði, ef hann á að geta áorkað því, að þar með sé hin lögformlega niðurjöfnun á bæjargjöldunum svipt réttaraflí sínu, að því er snertir gjöld eins eða annara gjaldþegna, hljóti að vera kveðinn upp í vanalegu valdstjórnarúrskurðarformi, með ákveðnu niðurlagsatkvæði, en hitt nægi ekki, að þar í komi aðeins fram yfirlýst skoðun eða álit yfirvaldsins.

Í þessu efni sé yður það til vitundar gefið, sjálfum yður til leiðbeiningar, og til þess þér auglýsið það þeim, sem hlut eiga að máli, að þeim spurningunum, sem eru bornar upp í 1. og 2. tölulið, ber að svara með jáyrði, og fellur þá burt varaspurningin í 1. tölulið, en þar á móti verður að kveða nei við spurningunni í 3. lið, sem réttara væri að orða á þenna hátt: „hvort hlutaðeigendur missi rétt sinn til þess að bera upp umkvörtun yfir hinum niðurjöfnuðu gjöldum, ef þeir ekki koma fram með hana áður en liðinn sé hinn lögákveðni tími, sem niðurfjöfnunarskráin er fram lögð til almennrar skoðunar“; því reglugjörðin leggur ekki þá þýðing í frestinn, að honum fylgi slíkur réttinda missir, og eigi er það heldur óþarft, að niðurfjöfnunarskráin sé lögð fram til sýnis, þó eigi hafi það þessa þýðing; þar á móti á um þá gjaldþegna, sem ekki bera fram umkvartanir sínar, fyrri en hinn ákveðni tími er liðinn, að fara eptir því, sem fyrir er mælt í kans. bréfi 20. októberm. 1838, á þann hátt, að þeir fyrst um sinn greiði það gjald, er á þá hefir verið lagt, en verði sú raun á, þegar málið er útkljáð, að of mikið hafi verið af þeim heimtað, þá sé það látið koma upp í gjöld þeirra fyrir næsta ár á eptir. Um 4. spurninguna er það að segja, að ekki verður heimtað annað um form það, er úrskurðir amtsins eigi að vera í, en að nægilega sé ljóst af þeim, hverja ákvörðun amtmaðurinn hefir gjört, og að því, er snertir það málefni, sem hér er um rætt, þá er þessari kröfu fullnægt í því, sem fram hefir komið af hendi amtmannsins.